

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2020
UST202011-207/H.G.
04.05

Þingsályktunartillaga um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir - 238. mál

Vísað er til bréfs atvinnuveganefndar Alþingis dags. 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 238. mál.

Tillagan felur í sér að fela umhverfis- og auðlindaráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að endurskoða lög og reglugerðir sem gilda um leyfisveitingar til uppsetningar smávirkjana með það að markmiði að einfalda umsóknarferli í tengslum við þær.

Umhverfisstofnun tekur undir að frumvarpið getur verið til bóta fyrir umhverfið. Stofnunin bendir á að æskilegt gæti verið að skoða einnig lög og reglugerðir sem gilda um leyfisveitingar annara endurnýtanlegra orkulinda svo sem vindorku og sólaorku.

Undanfarin ár hafa „prosumers“¹, þ.e. aðilar sem bæði eru framleiðendur og neytendur raforku fjölgað í Evrópu. Með því að gerast „prosumer“ geta neytendur gegnt hlutverki í orkuskiptum sem er mikilvægur liður í samdrætti losunar á gróðurhúsalofttegundum í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum samkvæmt EES-samningnum og Parísarsamningnum.

Mælt er fyrir um „prosumers“ (self-consumers) í orkuskiptum í tilskipun 2018/2001/ESB², um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, og tilskipun 2019/944³, um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. Í tilskipuninni er mælt fyrir um skyldur ríkja t.d. til að veita upplýsingar og leiðbeiningar til að yfirstíga stjórnsýslulegar hindranir. Í Evrópu ber orkuiðnaðurinn ábyrgð á meirihluta losunar gróðurhúsalofttegunda. „Prosumers“ framleiða endurnýjanlega orku t.d. sólar-, vind- og vatnsorku, sem er eftir því sem við á hægt að tengja við dreifikerfi raforku, sem gæti leitt

¹ Ekki er til orð á íslensku yfir þessa aðila.

² Tilskipunin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Tilskipunin mun fella tilskipun 2009/28/EB úr gildi sem hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 frá 15. mars 2012.

³ Tilskipunin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Tilskipunin mun fella tilskipun 2009/72/EB úr gildi sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017.

til samdráttar í innflutningi á jarðefnaeldsneyti. Stofnunin telur jákvætt ef tilkoma fleiri „prosumers“ eykur þanþol eða seiglu (e. resilience) íbúa þeirra svæða sem búa við óstöðugt flutningskerfi raforku.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að virt verði áfram ákvæði Árórsarsamningsins en markmið laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er m.a. að tryggja þátttöku almennings að mati á hinni fyrirhuguðu framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Það er gert með því að kynna umhverfisáhrif framkvæmdanna og stuðla að því að koma megi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurðað er um matið í samræmi við Árórsarsamninginn.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að við uppbyggingu lítilla smávirkjana geti þurft að fara í margvíslega innviðaupbyggingu eins og gerð vinnuvega, stíflugerð, uppistöðulóns, lagningar aðrennslispípu og annarra lagna, sem getur haft umtalsvert rask í för með sér á svæðum sem hafa hátt náttúruverndargildi skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir því á að uppsett afl virkjana er ekki endilega í beinu hlutfalli við umhverfisáhrif sem þær framkvæmdir valda. Skoða þarf hvert svæði fyrir sig þar sem þau hafa mismunandi verndargildi. Tryggja þarf að viðhaft sé eftirlit með slíkum framkvæmdum og þeim mótvægisáðgerðum sem samþykktar eru og að kveðið sé á um það í leyfi framkvæmdar.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund atvinnuveganefndar og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur